

Þriðjudaginn 30. apríl 1974.

Nr. 164/1973: **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)

gegn

Antoni Helgasyni

(Örn Clausen hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Brot gegn 263. gr. alm. hegningarlaga. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Í héraðsdómi er rakinn framburður ákærða um atvik að skiptum hans við mann þann, er hann telur sig eigi hafa borðið kennsl á og seldi honum veski.

Ákærði keypti allmikið magn af veskjum af manni þessum, veskin voru sérframleidd að því leyti, að á þau var letrað nafn tveggja kaupstaða hér á landi, og var kaupverð í skiptum þeirra ákærða allmiklu lægra en vænta mátti um almennt markaðsverð.

Atvik öll að skiptum þessum hlutu að vekja ákærða grun um, að eigi væri allt með felldu um heimildir seljanda að söluvarningi og líklegast væri, að varningur væri honum ófrjáls og fenginn með auðgunarbroti. Atferli ákærða við sölu veskjanna á Akureyri, sem lýst er í héraðsdómi, veitir og vísendingu um, að hann hafi eindregið ætlað, að veski þessi væru illa fengin. Með vísan til þessa þykir eigi varhugavert að telja ákærða sannan að sök um brot á 263. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Þegar virtur er framburður ákærða sjálfs um áfengisneyslu hans aðfaranótt 21. október 1972 svo og vættisburðir sumpart um áfengisneyslu hans þá nótt og sumpart um ölvunareinkenni á honum, þykir sannað, að ákærði hafi ekið bifreið

sinni, R 14745, undir áhrifum áfengis, svo að varði hann refsingu samkvæmt 2. málsgr., sbr. 3. málsgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. málsgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram gögn fyrir því, að ákærði hafi þegar greitt að fullu fébætur til verslunarinnar Amaro á Akureyri og til Sigurðar Guðmundssonar í sama bæ, og hefur saksóknari ríkisins fallið frá kröfum á hendur ákærða að því leyti.

Samkvæmt framangreindum refsíákvæðum þykir refsing ákærða með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 25.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 12 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis ákærða er staðfest með vísan til 81. gr. laga nr. 40/1968 og 1. málsgr. 24. gr. laga nr. 82/1969. Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og laun talsmanns síns fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Anton Helgason, sæti 25.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 12 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis ákærða og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og laun talsmanns síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmans, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. júlí 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 26. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni saka-

dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 367/1973: Ákærvaldið gegn Antoni Helgasyni, sem tekið var til dóms 16. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 12. apríl s.l., gegn Antoni Helgasyni sjómanni, Holtsgötu 13 hér í borg, fæddum 25. júlí 1931 á Akureyri,

„fyrir eftirtalin brot:

I. Keypt sumarið 1972 100 veski á samtals kr. 10.000.00 af manni, sem hann ekki vissi deili á og sem reyndust vera stolin, en hluta veskja þessara seldi ákærði síðan tveim verslunum á Akureyri.

Telst ákærði hafa með þessum verknaði sínum brotið ákvæði 263. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Aðfaranótt laugardagsins 21. október 1972 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 14745 frá Mávahlíð 28 í Reykjavík heim til sín, þar sem hann var handtekinn af lögreglumönnum.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Í máli þessu hefur verslunin Amaro, Akureyri, krafist þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu fébóta, kr. 17.195.00, og Sigurður Guðmundsson, sem rekur klæðaverksmiðju á Akureyri, krefst þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu kr. 4.500.00.

Málsatvik.

I. Hinn 16. október 1972 tilkynnti Jónína Bjarnadóttir hjúkr-unarkona, Bólstaðarhlíð 46, rannsóknarlögreglunni, að í maí 1972 hefði hún fengið sendingu af veskjum frá Danmörku, en pakkinn reynst upprifinn og um 300 stk. af vörunni hefði vantað í pakkann. Þá hefði hún í ágústmánuði pantað frá Danmörku sendingu af veskjum og síðan fengið tilkynningu um, að varan væri komin. Þegar hún hefði verið búin að greiða vöruna og toll af henni og ætlaði að vitja sendingarinnar, hefði hún ekki fundist í vöruskála Hafskipa h/f. Nú hefði henni borist til eyrna, að veski, sem hlytu að vera úr þessari sendingu, hefðu verið seld á Akureyri.

Rannsókn leiddi í ljós, að ákærði í máli þessu hafði selt versluninni Amaro á Akureyri 40 veski af tveimur gerðum (20 af stærri gerð og 20 af minni gerð). Þá hafði ákærði selt Sigurði Guðmundsyni, sem rekur minjagripaverslun á Akureyri, 13 veski, 3 af stærri gerð, en 10 af minni.

Veski þessi eru af sérstakri gerð, með áþrykktum myndum og áletrunum, á stærri gerðinni ÍSLAND, en á hinni minni AKUR-EYRI.

Ákærði kannaðist við, að hann hefði átt viðskipti við nefnda aðilja á Akureyri. Hann heldur fram, að hann sé þannig að veskjunum kominn, að í ágúst 1972 hafi kvöld eitt kvatt dyra hjá sér maður, sem boðið hafi veski til sölu. Hann hafi síðan keypt af honum 100 veski fyrir 10.000 kr. samtals. Ákærði telur sig engin deili vita á manni þessum. Hann kveðst hafa greitt manningnum strax 3.000 kr. og síðar hafi hann komið og þá fengið eftirstöðv-arnar greiddar, kr. 7.000.00.

Ákærði segir, að maðurinn hafi sagst heita Jónas Þór Pálsson og gefið upp símanúmerið 16952.

Ákærði kveðst svo hafa farið norður á Akureyri í september 1972 og þá tekið með sér nokkuð af veskjunum. Þar hafi hann selt Amaro 40 veski og Sigurði Guðmundssyni hafi hann einnig selt nokkur veski. Stærri veskin kveðst hann hafa selt fyrir 700 kr., en hin minni fyrir 400 kr. hvert.

Samkvæmt reikningi ákærða til Amaro seldi hann 20 veski fyrir 400 hvert og 20 fyrir 700 hvert, þ. e. samtals kr. 22.000.00, en veitti síðan 5% afslátt, kr. 1.100.00, þannig að hann hefur fengið greiddar hjá Amaro kr. 20.900.00.

Samkvæmt reikningi til Sigurðar Guðmundssonar seldi ákærði honum 10 veski fyrir 4.000 kr. og 3 fyrir 2.100 kr., en af samanlagðri fjárhæð virðist síðan hafa verið veittur afsláttur, 400 kr., þannig að Sigurður hafi greitt alls 5.700 kr. (talan er þó ógreinileg á reikningnum).

Ákærði skilaði rannsóknarlögreglu alls 50 veskjum (34 af minni gerð, en 16 af stærri gerð), er hann hafði í vörslu sinni.

Við rannsókn málsins var einnig lagt hald á það, sem Amaro og Sigurður Guðmundsson áttu óselt af veskjum. Amaro skilaði 19 veskjum af ódýrari gerð, en 15 af dýrari gerð. Fjárfrafa Amaro, er áður var lýst, er rökstudd þannig:

19 veski á 400 pr. stk.	7.600.00
15 veski á 700 pr. stk.	10.500.00
	<hr/>
	18.100.00
÷ 5%	905.00
	<hr/>
Samtals	kr. 17.195.00

Sigurður skilaði 6 veskjum af ódýrari gerð, en 3 af dýrari gerð. Í kröfu hans, kr. 4.500.00, er ekki gætt afsláttar þess, sem hann fékk. Ákærði hefur þó ekki mótmælt kröfu Sigurðar.

Þegar ákærði átti viðskipti við Sigurð Guðmundsson, gaf hann upp nafnið Jónas Þór Pálsson, og undirritaði hann nótu með því nafni. Í viðskiptum við Amaro skýrði ákærði aftur á móti rétt frá nafni sínu og heimili.

Jónína Bjarnadóttir hafði fengið tjón sitt bætt hjá Tryggingu h/f og framseldi félaginu tilkall sitt til veskja þeirra, sem upp á hafðist. Trygging h/f fékk veskin því afhent.

II. Klukkan 0620 að morgni laugardagsins 21. október 1972 hringdi á lögreglustöðina í Pósthússtræti Aðalheiður Bergsdóttir, Holtsgötu 13, eiginkona ákærða, og tilkynnti, að ákærði hefði komið heim í bifreið sinni og verið ölvaður. Lögregluþjónar fóru á staðinn og handtöku ákærða inni í íbúð þeirra hjóna, að því er telja verður gegn vilja hans, og færðu hann á lögreglustöðina. Samkvæmt skýrslu Sveins Hafdals lögregluþjóns kvaðst ákærði hafa verið við drykkju í húsi við Mávahlíð fram eftir nóttu, en var annars ruglingslegur í framburði. Samkvæmt skýrslu, sem varðstjóri, Axel Kvaran, hefur tekið af ákærða og skráð er á þar, til gerð eyðublöð, kvaðst ákærði hafa drukkið talsvert mikið og finna greinilega til áfengisáhrifa. Við drykkjuna hefði hann verið í húsi við Mávahlíð ásamt Hönnu Ingvarsdóttur. Við spurninguna: „Hafið þér drukkið áfengi, síðan þér hættuð að aka?“ er ekkert svar skráð í varðstjóraskýrslunni, en neðst er bætt við: „ég lagði bifreiðinni við húsið heima hjá mér, áður en ég hóf að neyta áfengis.“

Ákærði hefur ritað nafn sitt undir skýrsluna.

Blóðsýni var tekið úr ákærða klukkan 0815. Við alkóhólákvörðun í blóðinu með gasgreiningu á súlu reyndist alkóhólmagn í því 1.49%. (Rannsóknastofa í lyfjafraeði, Jóh. F. Skaftason).

Ákærði var settur í geymslu um morguninn og skýrsla tekin af honum klukkan 1530 sama dag hjá rannsóknarlögreglu. Skýrslan, sem ákærði játaði rétta í viðurvist skýrslutökumanns og eins votts, er á þessa leið:

„Í gærkveldi fór ég á samkomu í Ingólfscafé ásamt fleira fólki og þar á meðal Hönnu Ingvarsdóttur, sem á heima uppi í Mávahlíð, en ég man ekki númerið á húsinu. Þarna á nefndum stað neytti ég smávegis áfengis, en tapaði af samferðafólkinu og tók mér leigubifreið heim til mín og tók þar bifreið mína og ók henni upp í Mávahlíð, enda taldi ég mig ekki ölvaðan og ekki neitt til

fyrirstöðu, að ég æki bifreiðinni. Ég fór síðan í sama húsið í Mávahlíðinni og hitti þar fyrir samferðafólk mitt frá því um kvöldið. Þarna var ég fram eftir nóttinni og drakk smávegis áfengi, en ég held, að lítið hafi verið til af því. Ég fór síðan á bílnum heim til mín, og sá akstur gekk vel, enda tel ég, að ég hafi ekki verið ölvaður. Er ég kom heim, var sambýliskona mín, Aðalheiður Bergsdóttir, vakandi og var sár út í mig og við lentum þá í rifrildi. Ég átti áfengi heima og drakk nokkra sopa og háttaði svo, en fékk ekki frið til að sofna fyrir Aðalheiði, sem var að rífast í mér, og mun ég hafa verið búinn að vera um eina og hálfu klst. heima, er lögreglan kom. Ég vildi ekki fara með þeim og vildi ekki klæða mig, og fóru þeir með mig berfættan á náttfötunum niður á lög-reglustöð.“

Skýrsla var tekin af ákærða fyrir dómi 20. desember. Þar kvaðst hann hafa drukkið einn sopa áfengis í Ingólfscafé. Hann kvaðst hafa farið heim til sín í leigubíl, tekið með sér áfengisflösku og farið akandi í bifreið sinni upp í Mávahlíð og þá ekki kennt áfengisáhrifa. Í Mávahlíð hefði hann einskis áfengis neytt. Hann hefði svo ekið heim og komið þangað um klukkan 3. Heima hefði hann drukkið 2—3 glös af óblönduðu áfengi og farið síðan að sofa. Hann kvaðst svo hafa vaknað við það, er Aðalheiður var að berja hann, og síðan hefði hún kvatt til lögreglu.

Aðalheiður var yfirheyrð fyrir dómi sama dag, og var skýrsla hennar þessi í aðalatriðum: Ákærði sagði henni þennan dag, að hann hygðist fara á fyllirí, og fór hann síðan út um klukkan 18—1830. Hann kom heim um klukkan 2030 og sótti áfengisflösku, sem hann átti, og kvaðst ætla að fara upp í Mávahlíð 28. Bauð hann Aðalheiði með, en hún neitaði. Aðalheiður fór út um eða eftir klukkan 23, og var bifreið þeirra ákærða þá heima. Þegar Aðalheiður kom heim aftur, klukkan 04—0430, að hún telur, var bifreiðin horfin. Hún hringdi þá til lögreglu og kvað annað tveggja, að bifreiðinni hefði verið stolið eða ákærði væri með hana og væntanlega ölvaður. Ákærði kom síðan heim nokkru síðar og var þá, að því er Aðalheiður telur, með áfengisáhrifum, þótt ekki væri hægt að segja, að hann væri drukinn. Þau lentu í rifrildi. Ákærði fékk sé áfengisblöndu í glas, þegar hann kom heim, og meðan á stælum þeirra stóð, tók hann einnig áfengisflösku og drakk drjúgt úr henni. Hann fór síðan að sofa, en Aðalheiður hringdi á ný til lögreglu og kveðst hún hafa gert það í reiði og til þess að gera ákærða bölvun.

Í síðari skýrslu fyrir dómi sama dag sagðist ákærði hafa verið

í Mávahlíð 28 um kvöldið og drukkið þar einn wiskysjúss um klukkan 22. Síðan hefði hann farið heim í leigubíl og viljað fá konu sína með sér á ball, en án árangurs, og því hafi hann farið á ný í Mávahlíð 28 og þaðan í Alþýðuhúsið um klukkan 23—2330 og verið þar til klukkan 2. Hann kvaðst ekki hafa neytt áfengis í Alþýðuhúsinu. Að dansleiknum loknum hefði hann farið heim til sín og eiginkonan þá ekki verið þar. Hann kveðst þá hafa tekið bifreið sína og ekið upp í Mávahlíð. Ekki viðurkenndi ákærði það heldur í skýrslu þessari, að hann hefði neytt áfengis í Mávahlíð eða verið með áhrifum áfengis við aksturinn.

Við meðferð máls þessa hefur ákærði lýst því yfir, að hann hafi bragðað lítils háttar áfengi heima hjá Hönnu Ingvarsdóttur, áður en farið var á dansleikinn, en eftir það hafi hann ekki bragðað vín, fyrr en eftir að akstri lauk. Ölvun hans við handtöku hafi einvörðungu stafað af áfengi því, sem hann drakk, eftir að hann kom heim.

Vitnið Hanna Ingibjörg Ingvarsdóttir, Mávahlíð 28, 39 ára að aldri, segir ákærða hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann kom heim til hennar, og heima hjá henni hefði hann neytt áfengis. Á dansleiknum hafi einnig verið haft vín um hönd, og minnir hana, að ákærði legði það til. Hún segir, að á dansleiknum hafi hún hitt Grím Hallgrímsson, Njarðargötu 7, sem hún þekkir, og hann hafi farið heim með henni á eftir. Ákærði hafi síðan komið þangað nokkru á eftir þeim. Þeim Grími hafi síðan lent saman út af áfengi, sem Grímur hafði meðferðis, enda hafi báðir verið ölvaðir. Ekki getur Hanna fullrytt, hvort ákærði fékk nokkuð úr áfengisflösku Gríms.

Vitnið Grímur Hallgrímsson, Njarðargötu 7, 53 ára að aldri, kveðst hafa haft meðferðis áfengisflösku, er hann kom heim með Hönnu Ingvarsdóttur þessa nótt. Nokkru síðar hafi ákærði guðað á glugga og verið hleypt inn ásamt tveimur mönnum, sem verið hafi í fylgd með honum, en farið brátt aftur. Grímur segir, að ákærði hafi viljað ná í flösku, sem hann var með, og hafi honum tekist að fá sér sopa úr henni, en Grímur kveðst þá hafa tekið hana af honum aftur og komið til illdeilna af þeim sökum, en Hönnu tekist að stilla til friðar. Grímur fullyrðir, að ákærði hafi verið ölvaður og hafi það komið fram í tali hans og framkomu.

Ákærði hefur þrátt fyrir vætti þeirra Hönnu og Gríms haldið við framburð sinn. Framburður ákærða hefur annars yfirleitt verið mjög óskýr og ruglingslegur.

Niðurstöður.

I) Ákærði þykir með kaupum sínum og ráðstöfun á veskjum, sem síðar reyndust vera stolin, hafa sýnt stórfellt gáleysi og bakað sér refsíabyrgð samkvæmt 263. gr. alm. hegningarlaga.

II) Ákærði var ölvaður, er hann var handtekinn á heimili sínu að morgni 21. október. Hann hafði ekið bifreið sinni frá Mávahlíð 28 heim síðla nætur. Hann heldur því fram, að ölvun hans við handtöku stafi einungis af drykkju hans að loknum akstri. Ekki þykir verða lagt upp úr skýrslu hans fyrir varðstjóra, sem tekin var að lokinni handtöku, sem mjög hæpið er að samrýmst hafi 66. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar er á það að líta, að bæði taldi kona hans, að ákærði hefði verið við skál, er hann kom heim, og Hanna Ingibjörg Ingvarsdóttir og Grímur Hallgrímsson segja hann hafa verið drukkinn um nóttina. Skýrslur ákærða fyrir rannsóknarlögreglu og dómi hafa verið ruglingslegar. Þegar á allt er litið, verður að telja, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum við aksturinn úr Mávahlíð 28 heim til sín. Hins vegar verður, þegar litið er til þess, að gera verður ráð fyrir, að ákærði hafi bætt á sig áfengi eftir heimkomu, ekki talið sannað, að áfengi í blóði hans hafi náð 1.20%, meðan á akstri stóð. Ber því að refsa ákærða samkvæmt 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga að þessu leyti.

Ákærði hefur sætt þessum refsidómum:

- 1950 16/12 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað.
 1951 18/12 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
 1963 16/8 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fjárdrátt.
 1968 25/1 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

Hann hefur tvívegis sætt sektum fyrir ölvun og einu sinni fyrir umferðarbrot.

Með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga verður refsing ákærða ákveðin 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 25 daga fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði var undir rannsókn máls þessa sviptur ökuleyfi frá 27. október 1972 til 12. janúar 1973, eða alls 77 daga, en þá var bráðabirgðasviptingin felld úr gildi með dómsúrskurði. Telja verður, að með broti sínu gegn umferðarlögum hafi ákærði unnið til sviptingar ökuleyfis í 6 mánuði alls. Leiðir það til þess, að ákærði verður sviptur ökuleyfi sínu í 103 daga frá birtingu dóms þessa að telja. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga og lögum 73/

1973, 178. gr. i. f., ber að ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Þá verður ákærði dæmdur til þess að greiða fébætur til verslunarinnar Amaro, kr. 17.195.00, og til Sigurðar Guðmundssonar, kr. 4.500.00.

Loks verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Anton Helgason, greiði 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 25 daga fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sæta sviptingu ökuleyfis síns 6 mánuði alls. Frá sviptingartíma dregst bráðabirgðasvipting ökuleyfis, 77 dagar, og skal ákærði þannig sviptur ökuleyfi sínu 103 daga frá birtingu dómsins. Áfrýjun fresti ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði versluninni Amaro kr. 17.195.00 og Sigurði Guðmundssyni kr. 4.500.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
